

**AUGLÝSING**  
**um nafn sameinaðs sveitarfélags**  
**Búðahrepps og Stöðvarhrepps.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði hinn 1. október 2003 við sameiningu Búðahrepps og Stöðvarhrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 552/2003.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Austurbyggð.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. október 2003.*

**Árni Magnússon.**

---

*Guðjón Bragason.*